

Umgenisreglur á Garðavelli

Einungis fullgildir félagsmenn Leynis sem gert hafa upp árgjald viðkomandi árs hafa leikheimild á Garðavelli.

Sjö daga bóknarfyrirvari er á Garðavöll fyrir Leynis félag og opnað er fyrir skráningu kl. 20:00 kvöldi fyrir fyrsta bóknardag. Á þessum sjö dögum er leyfilegt að vera með sjö virkar bókanir.

Utanfélagsmenn geta bókað sig með tveggja daga fyrirvara og er opnað fyrir skráningu kl. 20:00 kvöldið fyrir bóknardag.

- Allir félagsmenn verða að skrá sig rástíma í golfboxinu
- Allir félagsmenn verða að staðfesta komu í rástíma í afgreiðslu
- Nauðsynlegt er að afbóka rástíma ef kylfingur sér ekki fært um að mæta á rástíma sinn og skal það gert með að lágmarki 2 klst fyrirvara
- Mæti félagsmaður ekki á rástíma sinn án þess að afbóka fær viðkomandi aðvörun, gerist það aftur fær viðkomandi bann frá rástímabókun í eina viku
- Óheimilt er að bóka rástíma á ranga kennitölu
- Óheimilt er að bóka rástíma án vitneskju viðkomandi kylfings
- Óheimilt er að hefja leik eftir að rástími er liðinn
- Bannað er að hefja leik á 10 holu, nema í samráði við afgreiðslu Leynis

Allir sem koma á Garðavöll verða að skrá sig inn á völlinn með QR kóða sem er í afgreiðslu klúbbsins eða staðfesta við starfsmann í afgreiðslu Leynis. Ef félagsmaður mætir ekki á skráðan rástíma, þá kemur hann í veg fyrir það að annar félagsmaður getur nýtt rástímann. Viðurlögin eru:

- 1 brot, áminning
- 2 brot, áminning
- 3 brot, lokað fyrir rástímaskráningu í 7 daga
- 4 brot, lokað fyrir rástímaskráningu í 14 daga

Leikur gesta á Garðavelli.

Gestir skulu ganga frá greiðslu vallargjalds áður en leikur hefst.

- Allir gestir verða að skrá sig í rástíma í golfboxinu
- Allir gestir verða að staðfesta komu í rástíma inn í afgreiðslu
- Nauðsynlegt er að afbóka rástíma ef kylfingur sér ekki fært um að mæta á rástíma sinn og skal það gert með að lágmarki 2 klst fyrirvara

- Kylfingur sem hefur leik á vellinum án þess að hafa til þess heimild, telst hafa skuldbundið sig til greiðslu vallargjalds með 50% álagi.

Forbókun á rástímum.

Þegar að um forbókun er að ræða á rástímum á Garðavelli þarf að afbóka slíka tíma með a.m.k. 24 klst fyrirvara. Sé það ekki gert er greitt fyrir alla þá tíma sem bókaðir voru.

Fyrirtækjakort, GSÍ kort, vinavallagjöld og önnur afsláttarkjör gilda ekki í forbókunum.

Utan opnunartíma afgreiðslu er óheimilt að leika á hvers konar frispili eða öðrum samningum um slíkt. Engar undantekningar eru gerðar þar á.

Almennar umgengisreglur.

- Sérhver kylfingur skal hafa eigið golfsett til að leika með. Ekki er heimilt að deila golfsetti milli leikmanna.
- Kylfingar skulu vera snyrtilegir til fara og taka í hvívetna tillit til annarra leikmanna á vallarsvæðinu.
- Ekki skal viðhafa háreysti og læti og ölvun er óheimil. Notkun farsíma og rafeindatækja skal stilla í hóf og aldrei þannig að valdi truflun.
- Kylfingar eiga ekki að henda rusli nema í þar tilgerð ruslailát sem finna má á Garðavelli. Gildir þetta einnig um nikótínþúða.
- Allir kylfingar sem hefja leik á Garðavelli skuldbinda sig til að fara eftir öllum umgengisreglum sem í gildi eru.

Sérstaklega varðandi golfleik.

Leikhraði: Stefnt skal að því að fjórir leikmenn í ráshópi séu ekki lengur en 4:10 að leika 18 holu hring.

Kylfingar skulu huga sérstaklega að leikhraða og að halda í við næsta ráshóp á undan. Leikum golf hratt, örugglega og skemmtilega á Garðavelli og njótum síðan samveru og samskipta eftir hring.

Til þess að halda uppi leikhraða skulu kylfingar stilla æfingasveiflum í hóf, ganga rösklega milli þess er þeir slá bolta sinn, yfirgefa flötina um leið og leik er lokið og ganga strax á næsta teig. Kylfingar skulu ávallt vera meðvitaðir um þá sem á eftir koma. Ef braut/flöt er auð þegar komið er á teig er mikilvægt að kylfingar hefji leik strax og sá leikmaður sem fyrstur er tilbúinn hefur strax leik.

Kylfingar skulu gæta þess að hleypa fram úr strax og ástæða er til, svo sem vegna leitar að týndum bolta og/eða ráshópurinn hefur dregist aftur úr næsta hópi á undan.

Kylfingar ættu við þær aðstæður sem golfreglurnar leyfa að leika varabolta til þess að flýta leik.

Mælst er til þess að leikmenn noti Stableford punktakerfi við æfingahringi og taki boltann upp þegar útséð er um að punktur fáið á viðkomandi holu.

Leikmenn sem ekki halda leikhraða eða eru punktalausir á holu skulu taka bolta sinn upp.

Leit að bolta.

Kylfingar hafa samkvæmt golfreglum 3 mínútur til þess að leita að sínum bolta og biðjum við ykkur um að virða ávallt þau tímamörk við leit.

Leit að boltum utan vallarmarka er ekki leyfileg.

Leikmenn skulu ganga vel um vallarsvæði og ekki skilja eftir rusl. Setja skal torfusnepla í kylfuför ásamt því að gera við boltaför á flötum. Fullar æfingasveiflur á teigum eru ekki leyfðar. Kylfuför eftir æfingahögg eru ekki leyfileg á brautum. Leikmenn skulu raka vel eftir sig í sandglompum og leggja hrífur niður í glompu í leikstefnu.

Virða skal allar afmarkanir sem settar eru upp með böndum, spotta, keilum, stöngum eða með öðrum hætti. Leikmenn skulu hlífa augljóslega viðkvæmum svæðum. Óheimilt er að fara með bíla, kerrur eða annað búnað inn á teiga, flatir og forflatir.

Félagsmenn og gestir skulu hlíta öllum tilmælum vallarstarfsmanna á vallarsvæði. **Óheimilt er að slá í átt að vallarstarfsmönnum við störf.** Bíða skal merkis þeirra um að óhætt sé að slá.

Leikur utan hefðbundins opnunartíma.

Félagsmönnum Leynis er heimilt að leika á vallarsvæðum séu þau opin fyrir leik utan hefðbundins opnunartíma. Engin vallargjöld eru seld utan opnunartíma og er því öll umferð annarra en félagsmanna með öllu óheimil.

Æfingasvæði Leynis.

Æfingasvæði Leynis eru opin þeim kylfingum sem fara eftir almennum umgengnisreglum Leynis.

Óheimilt er með öllu að tína æfingabolta upp til að nota. Einungis skal nota bolta sem greitt hefur verið fyrir. Allir golfboltar á svæðinu eru eign Leynis og er óheimilt að fjarlægja þá eða slá út fyrir mörk æfingasvæðis og bera kylfingar alla ábyrgð á því.

Rétt er að benda kylfingum á að þeir bera sjálfir alla ábyrgð á þeim golfboltum sem þeir slá hvort sem þeir enda innan svæðis Leynis eða utan þess.

Öll högg skal slá af gervigrasi og/eða mottum. Sé leyft að slá af grasi er það svæði afmarkað með merktum línunum. Óheimilt er að slá utan merktra lína á grasi.

Eftirlit á Garðavelli.

Eftirlit með leik, leikhraða og umgengni á völlum er í höndum starfsmanna Leynis.

Kylfingar sem leika Garðavöll er er skylt að hlíta fyrir mælum eftirlitsmanna.

Verði félagsmaður uppvís að alvarlegu broti á reglum þessum ber starfsmönnum að tilkynna það til stjórnar Leynis. Stjórn Leynis getur veitt kylfingi áminningu eða beitt tímabundinni útilokun frá leik á völlum félagsins.

Golfbílar.

Allir þeir sem aka golfbílum á Garðavelli skulu annaðhvort halda sig á slegnum svæðum eða á stígum. Óheimilt er að keyra nær flötum en 10 metra nema þar sem það er nauðsynlegt til að fara á milli brauta.

Leynir hefur til útleigu golfbíla fyrir félagsmenn og gesti og er hægt að panta golfbíla með fyrirvara með því að hringja í afgreiðslu. Leigjendur skulu fylgja öllum reglum um notkun á golfbílum og bera þeir alla ábyrgð á golfbílnum á meðan á leigu stendur. Einnig er óheimilt að nota golfbíla á annan hátt en þeim er ætlað.

Brot á umgengisreglum getur varðað brottvísun af Garðavelli og/eða frekari málarekstur. Ítrekuðum brotum félagsmanna skal vísa til aganefndar Leynis til úrvinnslu.

Samþykkt af stjórn Leynis 7. maí 2025